



STÆR2VF05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Námsáætlun – Vorönn 2025

Viðfangsefni áfangans:

Unnið er með fjármálalæsi s.s. vexti, vaxtavexti, vísitölur, verðbólgu, laun og skatta. Í áfanganum er lagður grundvöllur að skilningi á rauntalnakerfinu og fallhugtakinu ásamt góðri færni í algebru auk undirstöðuatriða í talnafærni. Kynnt er hvernig nota má föll til að leysa hagnýt verkefni.

Undanfari: STÆR1AJ05

Markmið áfangans:

Að efla reikningslega færni nemenda og auka kunnáttu þeirra í táknrænni túlkun. Að veita nemendum yfirsýn yfir reiknireglur og þjálfá þá í skilmerkilegri framsetningu. Að þjálfá rökræna hugsun nemenda.

Nemandi á að námi loknu:

- að hafa öðlast góðan skilning á talnakerfinu
- að hafa náð góðu valdi á bókstafareikningi
- að þekkja fallhugtakið og aðgerðir á föllum
- að þekkja vel annars stigs margliður og annars stigs jöfnur
- að geta reiknað vexti og hafi skilning á verðbólgu

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

STÆ 225 – eftir Jón Þorvarðarson, útg. STÆ ehf. Ýmis ljósrit frá kennara.
Vasareiknir.

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 3 lotupróf og eitt skilaverkefni auk tímaverkefna.

Nemandi er skylt að taka öll lotuprófin á tilsettum tíma. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf, tekur hann prófið strax í næstu kennslustund eða við fyrsta tækifæri í samráði við kennara.

Námsmat:

Lotupróf, skilaverkefni og tímadæmi mynda annareinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

Vægi lokaprófs	70%
Vægi annareinkunnar	30%

Annareinkunn skiptist svona:

Vægi lotuprófa/ skilaverkefnis	70%
Vægi heima-/tímadæma	30%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum og 6 úr viðskiptaverkefni.
- Skila **öllum** verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Mikilvægt að hafa í huga:

- Eigi nemandi kost á að sleppa lokaprófi, þá fær hann staðfestingu á því frá kennara sínum áður en kennslu annarinnar lýkur, með skilaboðum í Innu og/eða í tölvupósti í FSu netfangið sitt. Aðrir eiga að mæta í lokapróf. Skróp í lokaprófi gefur falleinkunn (F).
- Nemandi sem skilar rafrænum verkefnum þarf að tryggja að verkefnin séu á læsilegu sniði (format).

Yfirferðaráætlun:

Lota	Vika	Kaflar	Efni	
1.	3-7	Ljósrit	Hnitareikningur	Lotupróf 1 í lok 7. viku
2.	7-10	4	Annars stigs jöfnur	Skilaverkefni í lok 10.viku. L-2
3.	9-15	5	Fleygbogar	Lotupróf 3 í lok 15.viku
4.	15-18	5	Vaxta og viðskiptaverkefni	Verkefnaskil. í lok viku 18.viku
	20		Skráp Upprifjun	

Athugasemdir og skýringar:

Meira en 10. mín. fjarvera úr kennslustund jafngildir F. Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara.

Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna er kennara heimilt að skrá fjarvist á hann.

Áætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

F.Su. 13. Janúar 2025 *Kjartan Ólason*